

Anna Sigurðardóttir
Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 VOGAR

Garðabær, 27. mars 2012
2012030005/42-6
TB
jgo/tb

Sveitarfélagið Vogar, meindýraeyðing, umsögn

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Sveitarfélaginu Vogar, dags. 7. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn Daníels Sigurðssonar þar sem hann óskar eftir að fá skráningu hjá Vatnsleysustrandarhreppi (Sveitarfélaginu Vogar) til meindýraeyðingar. Umsækjandi bendir á ýmislegt í tölvupósti máli sínu til stuðnings s.s. að fugli hafi fækkað gríðarlega og að refir séu um 1500-2000 í sveitarfélaginu. Umsækjandi sækir um leyfi til að veiða ref og mink ásamt því að veiða önnur meindýr. Ekki kemur fram hjá umsækjanda hvaða dýr er átt við sem önnur meindýr þ.e. hvort hér sé t.d. átt við ákveðnar fuglategundir eða annað? Einnig óskar hann eftir því að nota hljóðdeyfi við veiðarnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvaða einstaklinga sveitarfélag ræður til starfa við að veiða dýr sem heimilt er að veiða skv. lögum. Það er heldur ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að gefa undanþágu fyrir notkun tiltekinna veiðiaðferða eða notkun hljóðdeyfa.

Þau lög sem gilda fyrst og fremst um veiðar á þeim dýrum sem umsækjandi óskar eftir að veiða eru lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Meindýr eru ekki skilgreind sérstaklega í framangreindum lögum og það er ekki komið undir einstaklingum að ákveða hvaða dýr flokkast sem meindýr þ.e.a.s. í þeim skilningi að gera þau „réttdræp“ eða til að eyða þeim. Í lögnum eru það einungis minkur, rottur og mýs í húsum inni sem ekki njóta neinnar sérstakrar verndar og heimilt er að veiða nokkrar fuglategundir allt árið sbr. reglugerð við lögin. Sækja verður sérstaklega um undanþágu til að veiða, t.d. á fuglategundum sem njóta verndar, ef þær eru taldar valda tjóni. Þegar fjallað er um þau dýr sem falla undir framangreind lög ber því að fara að þeim lögum bæði hvað varðar hvaða dýr meggi veiða, með hvaða hætti, hvenær o.s.frv.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki undir höndum upplýsingar sem staðfesta að fækkun sé gríðarleg í öllum fuglastofnum á Reykjanesskaganum eða Vatnsleysustrandarhreppi. Þar sem merkja má fækkun í fuglastofnun, þ.e. á landinu öllu eða staðbundið, eru ekki til rannsóknir sem sýna fram á að beint samband sé milli þess og fjölgunar á ref eða mink en aðrar, eða samverkandi, umhverfisaðstæður geta legið þar að baki. Minkur og refur geta að öllum líkindum haft áhrif á stærð fuglastofna, þó aðallega staðbundið, en litlar rannsóknir eru til á



Þessu sviði og margir fuglastofnar hafa stækkað verulega undanfarin ár í landinu. Náttúrufræðistofnun hefur oft bent á nauðsyn þess að halda mink niðri en hann er eitt best þekkt dæmið um framandi tegund sem verður ágeng í íslenskri náttúru þar sem minkurinn á sér ekki neina náttúrulega óvini. Öruggt er að minkur getur gert mikinn usla t.d. í fuglavarpi og hefur örugglega töluverð áhrif staðbundið. Eins og áður segir nýtur minkur ekki verndar í íslenskri náttúru samkvæmt lögum.

Ólíkt mink er refurinn eina landspendýrið sem talið er hafa verið hér á landi allt frá lokum Ísaldar. Refurinn er hluti af íslensku vistkerfi og ekki vitað til annars en að íslensk náttúra hafi þolað það í árþúsundir og því engin ástæða, vistfræðileg eða siðferðisleg, til að reyna að útrýma ref. Refastofninn á Íslandi er ekki talin vera í hættu vegna veiða eða annars en fjölgað hefur í refastofninum undanfarna áratugi þrátt fyrir töluverða veiði (sjá <http://www.ust.is/atvinnulif/sveitarfelog/refa--og-minkaveidi/refaveidar/>). Nú er talið að refastofninn sé í kringum 10.000 dýr að hausti.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

